

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi við Þrastarlund.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 21. desember 2010 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Þrastarlund. Breytingin felur í sér að lóð nr. 3 við Þrastarlund stækkar um 14 m til norðurs og fær númerið 3-5. Aðkoma breytist og verður frá Skógarlundi. Byggingareitur fyrir viðbyggingu á einni hæð er skilgreindur við núverandi hús.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 11. janúar 2011,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2011